

Klínískar leiðbeiningar

Hjúkrun sjúklinga í endurhæfingu eftir heilablóðfall/slag

Hreyfi- og sjálfsbjargargeta

Einkenni þunglyndis

Fræðsla

KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR Á LSH

„Klínískar leiðbeiningar eru leiðbeiningar um verklag, unnar á kerfisbundin hátt, til stuðnings starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og almenningi við ákvarðanatöku við tilteknar aðstæður. Þær eru gagnreyndar og taka mið af bestu þekkingu á hverjum tíma“ [1]. Markmiðið með klínískum leiðbeiningum er m.a. að veita bestu fánlegu meðferð þar sem tillit er tekið til viðhorfa sjúklings. Einnig að stuðla að því að rannsóknarniðurstöður nýtist í starfi og að draga úr breytileika í meðferð.

Klínískar leiðbeiningar eru ýmist unnar af einstökum faghópum eða þverfaglegum vinnuhópum. Mikilvægt er að fulltrúar faghópa, sem munu nýta einstakar klínískar leiðbeiningar í starfi, eigi þátt í gerð þeirra, en komið hefur í ljós að með þeim hætti er líklegra að um þær ríki sátt og þær séu notaðar.

Nefnd um klínískar leiðbeiningar í hjúkrun

KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR UM HJÚKRUN SJÚKLINGA Í ENDURHÆFINGU EFTIR HEILABLÓÐFALL

Leiðbeiningarnar eru þýðing á völdum köflum úr hjúkrunarleiðbeiningunum: „*Verpleegkundige revalidatierichtlijn beroerte*“ (Klínískar leiðbeiningar um hjúkrun sjúklinga í endurhæfingu eftir heilablóðfall) [2]. Gerð leiðbeininganna var samvinnuverkefni íslenskra og hollenskra hjúkrunarfræðinga frá endurhæfingar- og taugalækningadeild LSH, taugalækningasviði háskólasjúkrahúsins í Utrecht og háskólanum í Utrecht í Hollandi. Um er að ræða þýðingu þriggja kafla sem tengjast endurhæfingu og eru þetta kaflar um hreyfi- og sjálfsbjargargetu, einkenni þunglyndis og fræðslu til sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Leiðbeiningarnar eru ætlaðar hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum sem starfa að endurhæfingu sjúklinga eftir heilablóðfall.

Vinnuhópur:

Eftirfarandi hjúkrunarfræðingar á Landspítala og Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands unnu að þýðingu og staðfæringu klínísku leiðbeininganna:

- Ingibjörg Bjartmarz, RN, MSc, hjúkrunarfræðingur á endurhæfingardeild LSH, verkefnastjóri hópsins
- Dóróthea Bergs, RN, MSc, sérfræðingur í hjúkrun langveikra í endurhæfingu, endurhæfingadeild LSH
- Ellen Þórarinsdóttir, RN, hjúkrunarfræðingur á endurhæfingardeild, LSH
- Helga Jónsdóttir, RN, PhD, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, HÍ
- Jónína Thorarensen, RN, MSc, hjúkrunarfræðingur á endurhæfingardeild, LSH
- Judith Penrod, RN, hjúkrunarfræðingur á taugalækningadeild, LSH
- Marianne Klinke, RN, MSc, hjúkrunarfræðingur á taugalækningadeild, LSH, og doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild, HÍ
- Þóra B. Hafsteinsdóttir, RN, PhD, dósent við University Medical Center Utrecht í Hollandi.

* Orðið heilablóðfall og slag er notað sem samheiti yfir blóðtappa og heilavefsblæðingar. Í þessum leiðbeiningum verður orðið heilablóðfall notað.

Auk þess hafa ýmsir aðrir fagaðilar gefið ráðleggingar við gerð þessara klínísku leiðbeininga og eru þeim færðar bestu þakkir.

Útgefið í ágúst 2013.

Endurskoðun í apríl 2015.

Fyrirspurnir og ábendingar

Ingibjörg Bjartmarz hjúkrunarfræðingur, verkefnisstjóri: ingibjar@landspitali.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
EINKENNI EFTIR HEILABLÓÐFALL	6
VINNUFERLI 1 - INNLÖGN OG MAT	8
VINNUFERLI 2 - MARKMIÐ OG MEÐFERÐ	9
VINNUFERLI 3 - ÚTSKRIFT	10
KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR UM HJÚKRUN SJÚKLINGA Í ENDURHÆFINGU EFTIR HEILABLÓÐFALL	11
VIÐAUKAR	18
VIÐAUKI A - MAT Á VÍSBENDINGUM OG SÖNNUNUM	18
VIÐAUKI B - BARTHEL MATSTÆKI	19
VIÐAUKI C - FIM MATSTÆKI	23
VIÐAUKI E - PHQ-9 MATSTÆKI TIL AÐ META EINKENNI ÞUNGLYNDIS	26
VIÐAUKI F - RÉTT TÆKNI VIÐ HAGRÆÐINGU, ÆFINGAR OG FLUTNING	27
HEIMILDASKRÁ	30

INNGANGUR

Heilablóðfall er algengasta ástæða varanlegrar fötlunar fullorðinna í vestrænum ríkjum. Jafnframt er það þriðja algengasta dánarorsök á Vesturlöndum og þar með talið á Íslandi. Búast má við að um 600-700 Íslendingar fái heilablóðfall á hverju ári og eru 2/3 þeirra yfir 65 ára [3]. Með bættri heilbrigðisþjónustu, auknum forvörnum og nýjum meðferðarmöguleikum, fjölgar þeim sem lifa af heilablóðfallið. Heilablóðfall er flókinn sjúkdómur sem getur haft margvíslegar afleiðingar fyrir sjúkling og fjölskyldu hans. Afleiðingar eru t.d. lamanir og/eða máttminnkun, verkstol, tjáskiptaerfiðleikar, einbeitingarskortur, skert innsæi, þunglyndi, kyngingarerfiðleikar og yfirþyrmandi þreyta. Á síðustu áratugum hefur þverfagleg, sérhæfð endurhæfingarmeðferð sem byrjar fljótt eftir heilablóðfall dregið úr varanlegri fötlun og lækkað dánartíðni [4-7]. Hjúkrunarfræðingar gegna lykilhlutverki við að veita heildræna meðferð, samþætta umönnun og auka skilvirkni í endurhæfingu [7]. Þar af leiðandi er mikilvægt að til séu klínískar leiðbeiningar byggðar á gagnreyndri þekkingu sem nýtast við daglega hjúkrun. Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að skilvirk og markviss endurhæfing eftir heilablóðfall leiðir til aukinnar færni, styttr legutíma, eykur sjálfstæði og bætir lífsgæði sjúklings og fjölskyldu hans. Einnig getur styttri legutími dregið úr kostnaði heilbrigðisþjónustu [6, 7].

Markmið leiðbeininganna er að auka skilvirkni og ná sem bestum árangri í endurhæfingu eftir heilablóðfall út frá eftirfarandi lykilþáttum:

1. Hreyfi- og sjálfsbjargargetu
2. Einkenum þunglyndis
3. Fræðslu

Einnig er markmiðið að auka þekkingu, árvekni og skýra ábyrgð hjúkrunar í endurhæfingu sjúklunga eftir heilablóðfall.

HEIMILDIR

Heimildir voru byggðar á „*Verpleegkundige revalidatierichtlijn beroerte*“ (Klínískar leiðbeiningar um hjúkrun sjúklunga í endurhæfingu eftir heilablóðfall) [2] gefnar út á hollensku og eftirfarandi kerfisbundnum yfirlitum sem voru gefin út í tengslum við leiðbeiningarnar:

- Task-oriented training in rehabilitation after poststroke: Systematic review (Kerfisbundin fræðileg samantekt á verkefnismiðaðri endurhæfingu eftir heilablóðfall [8].
- A systematic review of therapeutic interventions for stroke depression and the role of nurses (Kerfisbundin fræðileg samantekt á meðferðum/ihlutunum við þunglyndi fyrir sjúklunga eftir heilablóðfall og hlutverk hjúkrunarfræðinga) [9].
- Educational needs of patients with a poststroke and their caregivers: A systematic review of the literature (Fræðsluþarfir sjúklunga eftir heilablóðfall og aðstandenda þeirra: Kerfisbundin fræðileg samantekt) [10].

STIGUN RÁÐLEGGINGA

Leiðbeiningarnar voru unnar eftir ákveðnum þrepum sem byggjast á aðferð Scottish Intercollegiate Guidelines Network (SIGN) og Central Begeleidings Organ (CBO) [2]. Styrkur ráðlegginga var metinn eftir SIGN flokkunarkerfinu [11].

SKILGREINING HUGTAKA

Heilablóðfall

Heilablóðfall er hér skilgreint samkvæmt viðmiðum Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar, WHO. Orsökina er talin vera í æðakerfinu og lýsir sér með hratt vaxandi einkennum um staðbundna eða víðtæka röskun á heilastarfsemi sem varir lengur en 24 klst. [12, 13].

ENDURHÆFINGARHJÚKRUN

Markmið endurhæfingarhjúkrunar er að aðstoða einstaklinga með fötlun og/eða langvarandi sjúkdóma við að öðlast mestu mögulegu sjálfsbjargargetu og viðhalda hámarks heilbrigði (14). Áhersla er lögð á að fagaðilar í þverfaglegu teymi aðstoði sjúkling við að aðlagast breytingum á heilsufari (15). Við komu á deild setur sjúklingur og meðferðarteymi hans upp endurhæfingaráætlun sem endurskoðuð er eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðingur fylgir eftir einstaklingsbundinni hjúkrunarméðferð og hvetur sjúkling til að vera virkur í endurhæfingaráætlun sinni og æfingum henni tengdum, innan sem utan hefðbundins æfingartíma.

ENDURHÆFINGARTEYMI

Í þverfaglegu teymi starfa ýmsir fagaðilar saman að endurhæfingu og hver starfstétt beitir sinni sérþekkingu til þess að bæta árangur sjúklings [16]. Helstu fagaðilar í endurhæfingarteymi eru: Félagráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, iðjubjálfar, læknar (taugalæknar og endurhæfingarlæknar), næringarráðgjafar, sálfræðingar, sjúkraliðar, sjúkrapjálfarar, talmeinafræðingar og taugasálfræðingar [6]. Náin samvinna og upplýsingagjöf er á milli fagaðila [17, 18]. Haft er samráð og samstarf við meðferðarteymi sjúklings við notkun ákveðinna ráðlegginga í leiðbeiningunum.

VERKEFNISSTÝRÐ ÞJÁLFUN

Hugmyndafræði verkefnisstýrðrar þjálfunar beinist að því að bæta hreyfingetu og þjálfu sjúkling í lausn verkefna sem eru mikilvæg í daglegu lífi. Sjúklingur tekur sjálfur þátt í raunhæfri markmiðsetningu í samvinnu við meðferðaraðila [8].

EINKENNI EFTIR HEILABLÓÐFALL

Einkenni eftir heilablóðfall geta verið margvísleg og mismikil eftir stærð og staðsetningu í heilanum. Mikilvægt er að þekkja helstu einkenni sem koma fram og áhrif þeirra á getu sjúklings til að endurhæfast.

Stóri heili

Við skemmd í stóra heila koma einkenni fram í gagnstæðum líkamshelmingi. Við lýsingu á eftirfarandi einkennum er gert ráð fyrir að sjúklingur sé með ríkjandi vinstra heilahveli (oftast rétthentur). Hafa þarf í huga að einkenni á milli hægri/vinstri heilahvels geta víxlast ef sjúklingur er örventur.

Möguleg einkenni samfara skemmd í stóra heila	
Frá vinstra heilahveli	Frá hægra heilahveli
<ul style="list-style-type: none">• Mismikil lömum í hægri líkamshelmingi• Skyntruflanir í hægri líkamshelmingi• Sjónsviðsskerðing (hemianopsia)• Verkstol (apraxia)• Aukin tilfinninganæmni (grátmildi)• Erfiðleikar með einbeitingu• Minnistrufnanir• Þvoglumælggi (dysarthria)• Málstol (afasia)• Eðlileg skynjun á líkama og rúmi• Hæg viðbrögð• Áhyggjur af líkamlegri vanhæfni• Athyglisgáfa eðlileg	<ul style="list-style-type: none">• Mismikil lömum í vinstri líkamshelmingi• Skyntruflanir í vinstri líkamshelmingi• Sjónsviðsskerðing (hemianopsia)• Verkstol (apraxia)• Aukin tilfinninganæmni (grátmildi)• Erfiðleikar með einbeitingu• Minnistrufnanir• Þvoglumælggi (dysarthria)• Tal og skilningur yfirleitt í lagi• Gaumstol (neglect) til vinstri• Erfiðleikar við rýmdarskynjun• Óraunsæi varðandi eigin líkamlega getu• Skert athyglisgáfa – fljótfærni

Litli heili

Einkenni frá litla heila koma fram í sama líkamshelmingi og staðsetning heilablóðfalls.

Möguleg einkenni:

- Jafnvægistruflun
- Slingur (ataxia)
- Sjóntruflanir
- Kyngingarörðugleikar
- Ógleði og uppköst


Heilastofn

Einkenni frá heilastofni eru oft mikil og alvarleg. Í heilastofni eru svæði sem stjórna öndun, meðvitundarstigi, blóðþrýstingi og hjartslætti. Þar eru einnig stöðvar sem stjórna augnhreyfingum, heyrn, tali og kyngingu. Brautir frá heila til útlíma liggja einnig í gegnum heilastofninn, en truflun á þeim getur valdið lömum, jafnvægisleysi og skyntapi í annarri eða báðum hliðum líkamans. Einnig geta orðið svokölluð víxl einkenni, t.d. lömum hægra megin í andliti og lömum í útlímum vinstra megin í líkamanum.

Möguleg einkenni:

- Jafnvægistruflun
- Slingur (ataxia)
- Sjóntruflanir
- Kyngingarörðugleikar
- Ógleði og uppköst
- Mismikil lömum

VINNUFERLI 1 - INNLÖGN OG MAT



Matstæki – sjá í fylgiskjöllum

* BI - Barthel Index

*FIM - Functional Independence Measure

*SWWT - „Stop Walking When Talking“

*NRS - Numerical Rating Scale


*VAS - Visual Analogue Scale

*PHQ-9 - The Patient Health Questionnaire

VINNUFERLI 2 - MARKMIÐ OG MEÐFERÐ

Svið	Markmið	Meðferð
Hreyfi- og sjálfsbjargargeta	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirbyggja fylgikvilla hreyfikerðingar Auka hreyfi- og sjálfsbjargargetu Auka þrek og úthald Auka trú á eigin getu 	<ul style="list-style-type: none"> Hreyfa og hvetja sjúkling til hreyfingar eins fljótt og mögulegt er Virkar og passivar æfingar í rúmi s.s. snúa, hreyfa og hagræða Aðstoða fram úr rúmi, (sjá myndir í viðauka F) Veita stól sem hentar, t.d. hjólastól eða hægingdastól Hagræða lörmuðum útlím og hvetja sjúkling til að nota lörmuðu hlíðina ADL þjálfun og æfingar í tengslum við daglega umönnun og utan hefðbundins æfingartíma Æfa sjúkling í að: Standa upp út stól, gera standandi/sitjandi jafnvægisæfingar og gönguæfingar Setja markmið í samráði við sjúkling, aðstandendur og aðra fagaðila
Verkir í öxl	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirbyggja verki í öxl og liðhaup Auka hreyfifærni og virkni handlegs/handar Draga úr stíðleika 	<ul style="list-style-type: none"> Verkjamat samkvæmt VAS, NRS, lyfjagjöf, ef við á Beita réttri vinnutækni (sjá myndir í viðauka F) Leiðbeina sjúklingi og aðstandendum um rétta hreyfingu/tækni Hagræðing (sjá myndir í viðauka F) Notkun hjálpartækja, t.d. stuðningsspelka (til þess að hlifa öxl) Samráð við aðra fagaðila
Einkenni þunglyndis	<ul style="list-style-type: none"> Auka virkni og getu sjúklings til að framfylgja endurhæfingaráætlun Auka lífsgæði 	<ul style="list-style-type: none"> Andlegur stuðningur Sjálfsæfing og virk þátttaka Siökun, hvíld Afla upplýsinga um áhugasvið Bjóða upp á viðtal við hjúkrunarfræðing Tengja jákvæðan árangur í þjálfun við þætti sem sjúklingur getur sjálfur haft áhrif á Glæðing vonar Hvetja til viðveru og þátttöku aðstandenda Vísa til annarra fagaðila/samráð við aðra fagaðila
Fræðsla	<ul style="list-style-type: none"> Skapa önyggi Auka velliðan Draga úr kvíða Bæta aðlögunarhæfni Auka ánægju 	<p>Fræðsla í bráðafasa</p> <ul style="list-style-type: none"> Tryggja að sjúklingur og aðstandendur fái fræðslu og upplýsingar. Afhenda einstaklingsmiðað fræðsluefni. Veita upplýsingar um starfsemi deildar og fagaðila í endurhæfingarteymi Nota tækifæri til þess að veita fræðslu samhliða daglegri umönnun <p>Fræðsla í endurhæfingarfasa</p> <ul style="list-style-type: none"> Afhenda einstaklingsmiðað fræðsluefni og kynna fræðslu sem er í boði á deildinni Meta þörf sjúklings og aðstandenda á fræðslu og hvetja til umræðna Fræðsla um meðferð, batahorfur, hvernig má mögulega fyrirbyggja annað heilablóðfall, heilsuefingu, kynlíf, aðlögunarleiðir og (sjálfs)umönnun Nota tækifæri til þess að veita fræðslu samhliða daglegri umönnun

VINNUFERLI 3 - ÚTSKRIFT



KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR UM HJÚKRUN SJÚKLINGA Í ENDURHÆFINGU EFTIR HEILABLÓÐFALL

Ráðleggingar byggjast á mati á vísbendingum, sjá nánar í viðauka A.

Hafa samráð við aðra fagaðila í meðferðarteymi við notkun ráðlegginga, eftir því sem við á.

Mat á ástandi sjúklings	
B	<p>Meta hreyfi- og sjálfbjargargetu með Barthel Index (BI) innan 72 klst. frá innlögn.</p> <ul style="list-style-type: none">• Matið er endurtekið ef breyting verður á færni og innan viku fyrir útskrift.• Áherslur í endurhæfingu fara eftir niðurstöðu mats. <p>Barthel matstækið metur hreyfigetu og færni sjúklings við að framkvæma athafnir daglegs lífs (ADL) [19]. Það var þróað sem matstæki til notkunar fyrir og eftir endurhæfingarmeðferð og til þess að greina hjúkrunarþarfir [20]. Við mat á ástandi sjúklings eru gefin stig frá 0-100. Því fleiri stig, því líklegra er að sjúklingur útskrifist heim [21- 24]. Sjá BI matstæki og stigagjöf í viðauka B.</p>
B	<p>Meta hreyfi- og sjálfsbjargargetu sjúklings á endurhæfingardeild með Functional Independence Measure (FIM) innan 72 klst. frá innlögn.</p> <ul style="list-style-type: none">• Matið er endurtekið ef breyting verður á færni og innan þriggja daga fyrir útskrift. Ef sjúklingur er lengi í endurhæfingu er stundum gert miðjumat, þ.e. á miðju tímabilinu til að greina framfarir. <p>Til viðbótar BI matstækinu er mælt með því að hjúkrunarfræðingur á endurhæfingardeildum R2 og R3, LSH noti FIM matstækið. Að matinu kemur meðferðarteymi sjúklings, hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari og í einstaka tilvikum aðrir fagaðilar, svo sem talmeinafræðingur og sálfræðingur. Skipta má matstækinu í mat á líkamlegri getu og hugrænni getu. FIM matstækið metur sjálfsbjargargetu, umönnunarpörf og alvarleika fötlunar. Matið byggist á 126 stigum, með 18 undirkvarða, þar sem stigagjöfin er frá einum til sjö. Til þess að geta metið sjúkling með FIM þarf þjálfun og próf. Sjá FIM matstæki og stigagjöf í viðauka C.</p> <p>Bæði BI og FIM matstækin hafa reynst réttmæt og áreiðanleg [5, 22].</p>
B	<p>Meta byltuhættu með MORSE byltumatstækinu innan 24 klst. frá innlögn. Til viðbótar skal meta byltuhættu með matstækinu „Stop Walking When Talking“ (SWWT) um leið og sjúklingur getur gengið.</p> <ul style="list-style-type: none">• Matstækið „Að hætta að ganga á meðan talað er“ (SWWT) er notað til að greina byltuhættu. Spurt er t.d. um fæðingardag. Ef sjúklingur þarf að stoppa á meðan að hann segir frá því er hann í byltuhættu [25]. <p>Aðaláhættuþættir byltna eru <i>skert jafnvægi, skert skynjun, gaumstol, skortur á innsæi, skert sjónsvið, skert sjálfsbjargargeta og hræðsla við að detta</i> [26]. Tíðni byltna eftir heilablóðfall er um 50% [27]. Mikilvægt er að þjálfja jafnvægi, efla sjálfsbjargargetu og trú á eigin getu (self efficacy) í endurhæfingu til að koma í veg fyrir byltur [8, 28].</p>

Meðferð vegna hreyfingarleysis

A	Fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegu og auka hreyfigetu [5, 29-31]. <ul style="list-style-type: none">• Virkar og passívar hreyfingar í rúmi svo sem snúa, hreyfa og hagræða.• Hreyfa og hvetja sjúkling til hreyfingar eins fljótt og mögulegt er.• Aðstoða fram úr rúmi eins fljótt og mögulegt er.• Velja stól sem hentar, hægindastól og/eða hjólastól.• Draga úr líkum á spasma með því að hagræða lömuðum útlím. <p>Með virkum og passívum æfingum og hagræðingu er leitast við að fyrirbyggja fylgikvilla og auka hreyfigetu. Aukin hreyfigeta dregur úr líkum á spasma sem getur valdið verkjum, styttingu á vöðvum og dregið úr árangri endurhæfingar [29].</p>
B	Hagræðing í rúmi. <ul style="list-style-type: none">• Gæta að stöðu á lömuðum handlegg og fótlegg. Stuðla að vellíðan með því að velja líkamsstöðu sem sjúklingi líður vel í [32]. Sjá myndir í viðauka F.• Legustelling á að tryggja eðlilega öndun, og draga úr hættu á lungnabólgu af völdum ásvelgingar [32].• Gera einstaklingsbundna áætlun í samráði við sjúkling um hversu oft á að hagræða/kanna líkamsstöðu og breyta um legustellingar meðal annars m.t.t þrýstingssáravarna [33].
B	Hagræðing í (hjóla)stól. <ul style="list-style-type: none">• Hagráða á a.m.k. klukkustundar fresti til að tryggja að sjúklingur sitji uppréttur og sé með stuðning undir lamaða handlegginn sem tryggir rétta stöðu á öxl [34, 35].• Fara gætilega með öxl (á lamaðri hlið), forðast tog og óeðlilega stellingu þegar sjúklingur er aðstoðaður í hjólastól. <p>Leiðbeina um aðferðir við hagræðingu í stól og hvernig hægt er að aflétta þrýstingi til að koma í veg fyrir sár. Við gaumstol eða minnkaðan mátt í hendi þarf að minna sjúkling á að hagræða handlegg [34, 35]. Rétt staða handar er einnig mikilvæg til þess að koma í veg fyrir bjúgsöfnun.</p>
D	Hagræða, hreyfa og snúa sér í rúmi. <ul style="list-style-type: none">• Leiðbeina sjúklingi um stöðubreytingar í rúmi, t.d. að snúa sér á hlið.
D	Æfa sjúkling í að flytja sig úr rúmi í stól. <ul style="list-style-type: none">• Sjá leiðbeiningar og myndir í viðauka F. <p>Mikilvægi réttar tækni við umönnun er lykilatriði í því að auka sjálfsbjargargetu, tryggja öryggi og vellíðan sjúklings.</p>

Efling hreyfi- og sjálfsbjargargetu

C **Gera áætlun um einfaldar æfingar í samvinnu við sjúkling til þess að auka sjálfsbjargargetu.**

- Setja markmið um hvenær og hversu oft á að þjálfna athafnir.
- Þjálfna athafnir daglegs lífs við aðhlyningu, t.d. að fara á salerni, burstu tennur, þvo sér, klæðast, háttta, fletta blaði, smyrja brauð, matast og sækja sér föt.
- Leiðbeina og hvetja sjúkling til þess að þjálfna lamaðan handlegg, t.d. lyfta lömuðum handlegg og rétta úr fingrum (sjá mynd í viðauka F).

Þegar sjúklingur lærir nýja hæfni virkjust aðlögunarleiðir heilans [36]. Einstaklingsmiðuð verkefnisstýrð endurhæfing (task oriented training) sem hefur ákveðinn tilgang (í umhverfi sem líkustu heimilsumhverfi) skilar betri árangri heldur en hefðbundin endurhæfing [8]. Meginmarkmið í þjálfun er að sjúklingur geti bjargað sér við athafnir daglegs lífs og sé virkur [36-39].

A **Hvetja sjúkling til að framfylgja endurhæfingaráætlun. Nota tækifæri sem gefast til þjálfunar við daglega umönnun og utan hefðbundins æfingartíma [8, 39].**

Dæmi um æfingar:

Að standa upp úr stól eða færa sig milli stóla þannig að fyllsta öryggis sé gætt.

Leiðbeina sjúklingi um aðferðir við að standa upp úr stól eða færa sig milli stóla með eftirfarandi þætti í huga:

- Hafa báða fætur jafnt á gólfi, vel undir stólnum, með bil á milli fóta og að halla sér vel fram.
- Ekki má toga í lamaðan handlegg og ekki láta sjúkling toga sig upp (heldur skal nota armana á stólnum). Mikilvægt er að nota hjálparbelti.
- Gera æfinguna stöðugt erfiðari, nota mismunandi djúpa og háa stóla, t.d. 1) úr hjólastól í borðstofustóll, 2) úr hjólastól yfir í hægindastól [40, 41].

Endurteknar æfingar auka getu sjúklings til þess að standa upp, bæta jafnvægi og draga úr hættu á byltum [40, 41].

Standandi jafnvægi

- Þjálfna sjúkling í að standa upp og rétta úr sér (sjá myndir í viðauka F).
- Þjálfna sjúkling í að ganga upp og niður stiga og fjölga þrepunum eftir því sem betur gengur [42, 43].

Sitjandi jafnvægi

- Hvetja sjúkling til þess að teygja sig eftir hlut (viðkomandi hlutur er settur aðeins fjær en lengd handleggs) beint fram og/eða yfir að hinni hliðinni [44-47].

Gönguæfingar

- Aðstoða sjúkling við gönguæfingar á deild skv. æfingaráætlun [48-50]. Sjá nánari leiðbeiningar og mynd um gönguæfingar í viðauka F.

Tími sjúklunga í endurhæfingu er oft og á tíðum vannýttur og þeir eyða stórum hluta dagsins í rúminu eða sitja óvirkir í stól [30, 51-54]. Mikilvægt er að gæta að jafnvægi milli þjálfunar og hvíldar. Sjúklingur þarf að fá hvíld eftir hádegismat og fyrir kvöldmat.

C **Huglæg þjálfun**

Hvetja sjúkling til að hugsa um (sjá fyrir sér) framkvæmd verkefna eða athafnir sem verið er að þjálfna. Huglæg þjálfun getur leitt til aukinnar sjálfsbjargargetu [55-57].

Verkjastjórnun	
A	<p>Fyrirbyggja verki í lamaðri öxl.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tryggja stuðning við lamaðan handlegg (24 tíma/dag) til að fyrirbyggja verki í öxl [58]. Sjá viðauka F. • Gæta að stöðu handleggs og hafa aðgát við umönnun. • Fræða sjúkling og aðstandendur um aðferðir til að fyrirbyggja verki. <p>Sjúklingur sem hefur verki í öxl í kjölfar helftarlömunar á erfiðara með að hreyfa sig auk þess sem verkir geta tafið endurhæfingu og lengt sjúkrahúsvist [58, 59]. Tíðni verkja í öxl eftir heilablóðfall er talin vera frá 5-84% [59].</p>
B	<p>Beita rétttri vinnutækni við umönnun til að fyrirbyggja verki í öxl sjúklings.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Rétt vinnutækni felur m.a. í sér að hreyfa lamaðan handlegg varlega, forðast tog og álag [58]. • Leiðbeina aðstandendum um rétta vinnutækni [59]. Sjá nánar í viðauka F.
D	<p>Meta verki í öxl bæði við hreyfingu og í hvíld og veita viðeigandi meðferð.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Meta reglulega verki í öxl með matstækjunum Numerical Rating Scale (NRS) eða Visual Analogue Scale (VAS). • Verkjum má stjórna með hagræðingu, verkjalyfjagöf, slökun, athyglisdreifingu, líkamspjálfun, hjálpartækjum s.s. spelku o.fl. • Hafa samráð og samstarf við aðra fagaðila varðandi verkjameðferð [60].

Einkenni þunglyndis eftir heilablóðfall

C **Meta einkenni þunglyndis með The Patient Health Questionnaire (PHQ-9) matstækinu eigi síðar en tveimur vikum eftir áfall.**

Matstækið samanstendur af níu spurningum. Svári sjúklingur fyrstu tveimur spurningum neitandi gefur það til kynna að einkenni þunglyndis sé ekki til staðar. Ef sjúklingur skorar ≥ 5 stig þá er haldið áfram með spurningarnar í matstækinu [61].

- Matið er endurtekið tveimur vikum eftir upphaf meðferðar við einkennum þunglyndis.
- Matið er endurtekið þremur mánuðum frá áfalli og ef sjúklingur sýnir einkenni þunglyndis.
- Skrá niðurstöðu mats í rafræna sjúkraskrá (undir geðkvarðar).
- Ef sjúklingur skorar 10 stig eða meira á PHQ-9 þunglyndiskvarðanum skal vísa honum til sálfræðings eða hjúkrunarfræðings sem hefur framhaldsmenntun í geðhjúkrun.

Allt að 60% sjúklinga finna fyrir þunglyndi eftir heilablóðfall [62, 63]. Aukin vitneskja er um gagnsemi meðferða við einkennum þunglyndis og því er mikilvægt að áhættuþættir og einkenni séu greind snemma í endurhæfingarferlinu [62]. Kerfisbundin skimun og notkun matstækja auðveldar mat á einkennum þunglyndis [64] og gefur vísbendingar um alvarleika þess [65].

Meðferð vegna einkenna þunglyndis

- ### C **Sjálfsþing.**
- Auka trú sjúklings á eigin getu með því að hrósa (sérstaklega fyrir það sem sjúklingur getur haft áhrif á) og benda á framfarir og styrkleika [66, 67].
 - Setja markmið og tengja jákvæðan árangur í þjálfun við þætti sem sjúklingur getur sjálfur haft áhrif á [66, 67].

- ### C **Andlegur stuðningur.**
- Aðstoða sjúkling við að tjá tilfinningar sínar og leiðbeina með þætti sem stuðla að jákvæðu hugarfari.
 - Beita virkri hlustun og hvetja sjúkling til að greina bjargráð og hindranir [68].
 - Hvetja til virkrar þátttöku í æfingum, þjálfun (sjúkra- og iðjuþjálfun) [69, 70].
 - Hvetja aðstandendur til að vera til staðar, ef við á [71].
 - Leiðbeina um aðferðir við slökun m.a. með því að hlusta á tónlist og/eða þátttöku í skipulögðum slökunartímum [66].
 - Afla upplýsinga um áhugasvið og tengja þau við endurhæfinguna, t.d. spil og skák [66].
 - Bjóða sjúklingi og aðstandenda hans upp á viðtal við hjúkrunarfræðing.
 - Vísa til annarra fagaðila svo sem sálfræðing, prest, og félagsráðgjafa.
- Mikilvægt er að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra tilfinningalegan stuðning til þess að viðhalda von og fyrirbyggja þunglyndi [72]. Sjúklingum sem hafa trú á eigin getu farnast betur, ná meiri hreyfifærni, virkni og lífsgæðum og fá síður einkenni þunglyndis [67].

Fræðsla til sjúklinga og aðstandenda.

C Veita sjúklingi og aðstandanda fræðslu og upplýsingar á mismunandi stigum í endurhæfingarferlinu, í samræmi við þarfir og óskir.

Fræðsla í bráðafasa

- Tryggja fræðslu um heilablóðfallið, áhrif þess og fyrirhugaðar rannsóknir og meðferð [73, 74].
- Veita upplýsingar um starfsemi deildar og endurhæfingarteymi sem mun koma að meðferð sjúklings.
- Afhenda einstaklingsmiðað fræðsluefni við innlögn og fræða sjúkling og aðstandanda um innihald þess [10, 75].
- Nota tækifæri til þess að veita fræðslu samhliða daglegri umönnun.

Fræðsla í endurhæfingarfasa

- Tryggja fræðslu um orsakir heilablóðfalls samkvæmt rannsóknarniðurstöðum, áhrif þess og hvernig á að forðast annað áfall. Einnig þarf að fræða um fyrirhugaða meðferð og batahorfur [9, 74].
- Veita munnlegar og/eða skriflegar upplýsingar um starfsemi deildar, endurhæfingarteymi, meðferðaráætlun, meðferðarfundi eins og markmiðs- og fjölskyldufundi, áætlaðan meðferðartíma og útskrift.
- Afhenda einstaklingsmiðað fræðsluefni við innlögn og fræða sjúkling og aðstandanda um innihald þess [10, 75].
- Veita einstaklingsbundna fræðslu til sjúklings og aðstandenda um heilsueflingu, kynlíf, aðlögunarleiðir og sjálfsömönnun [10, 74].
- Endurtaka fræðslu eftir þörfum. Athuga hvort fræðslan hafi verið meðtekin. Hvetja til umræðna [10, 76].
- Nota tækifæri til þess að veita fræðslu samhliða daglegri umönnun.
- Kynna fræðslu og hvetja sjúkling og aðstandendur til að sækja hópfræðslu sem er í boði. Í hópfræðslu er m.a. fjallað um heilablóðfall, áhrifaþætti, horfur og meðferð. Einnig er frætt um heilsueflingu, jafnvægi í daglegu lífi, hreyfingu, mataræði, svefn, hvíld og reykleysi [77].
- Ef sjúklingur er með málstol þarf sérhæft fræðsluefni með eftirfarandi þætti í huga: Einfaldar og stuttar setningar, stóra og skýra leturgerð, ritað mál ekki of þétt á blaðinu, myndir/teikningar sem tengjast efninu [78].

Fræðsla til sjúklinga og aðstandenda getur dregið úr kvíða, bætt aðlögunarhæfni og aukið ánægju með umönnun [79, 80]. Þannig skapast heildræn umönnun frá bráðadeild út í samfélagið [81]. Hafa þarf samráð í þverfaglegu teymi um hver veitir hvaða fræðslu með tilliti til sérhæfðar þekkingar hvers fagaðila [74].

B Veita aðstandenda sjúklings þjálfun og fræðslu um gildi þess að taka þátt í umönnun.

- Leiðbeina og hvetja aðstandendur til þátttöku í umönnun sjúklings, ef við á.
- Kenna aðstandendum aðferðir við að aðstoða sjúkling t.d. við flutning úr stól í rúm, gönguæfingar o.fl.

Rannsóknir sýna að virk þátttaka aðstandenda í þjálfun og umönnun minnkar kvíða og þunglyndi bæði hjá sjúklingi og aðstandenda [82, 83].

Útskriftaráætlun

D

Útskrift.

Undirbúningur við útskrift heim eða á aðra sjúkrastofnun:

Hjúkrunarfræðingur:

- Skráir upplýsingar um fyrirhugaða útskrift í útskriftaráætlun.
- Kannar þörf fyrir félagslega aðstoð, eins og t.d. hjúkrunarþjónustu, félagslega þjónustu, lyfjatiltekt, akstursþjónustu og/eða vistunarúrræði.
- Metur sjálfsbjargar- og hreyfigetu með Barthel/FIM vikunni fyrir útskrift og leggur PHQ-9 matstækið fyrir sjúkling ef hann hefur einkenni um depurð.
- Býður sjúklingi og umönnunaraðila upp á viðtal eigi síðar en tveimur dögum fyrir útskrift.
- Fræðir og afhendir skriflegar upplýsingar (bréf til sjúklings í rafrænni sjúkraskráningu) um ráðlagða eftirfylgni (þjálfun, göngudeild, blóðþynningarmeðferð) og hvert á að leita ef eitthvað kemur upp á.
- Sendir upplýsingar til heilbrigðisstarfsfólks sem tekur við umönnun til þess að tryggja samfellu í meðferð.
- Fræðir um sjúklingasamtök samanber Heilaheill (www.Heilaheill.is).

Félagslegur stuðningur er talinn vera góð aðferð til að bæta sálræna líðan og draga úr einkennum þunglyndis [84]. Fyrir ungt fólk getur verið viðeigandi að kynna starfsendurhæfingu og sértækan stuðning. Jafningjastuðningur er talinn mikilvægur. Á vefsíðu Heilaheilla má finna upplýsingar og fræðslu fyrir einstaklinga sem hafa fengið heilablóðfall.

VIÐAUKAR

VIÐAUKI A - MAT Á VÍSBENDINGUM OG SÖNNUNUM

Vísbendingar voru metnar samkvæmt NICE/SIGN-kerfinu (sjá landlaeknir.is).

Í því fá rannsóknir eftirfarandi einkunnir:

- 1++ Afar vel gerðar safnrannsóknir (meta-analýsur), kerfisbundin yfirlit slembirannsókna, slembirannsóknir með mjög lítilli skekkjuhættu.
- 1+ Vel gerðar safnrannsóknir, kerfisbundin yfirlit slembirannsókna, slembirannsóknir með lítilli skekkjuhættu.
- 1- Safnrannsóknir, kerfisbundin yfirlit slembirannsókna, slembirannsóknir með mikilli skekkjuhættu.
- 2++ Afar vel gerð kerfisbundin yfirlit viðmiðunarrannsókna á sjúkratilfellum (case-control studies) eða ferilrannsókna (cohort studies), afar vel gerðar viðmiðunarrannsóknir á sjúkratilfellum eða ferilrannsóknir (cohort studies) með mjög lítilli hættu á skekkju (bias) eða tilviljun (chance) og miklum líkindum á orsakatengingu.
- 2+ Vel gerðar viðmiðunarrannsóknir á sjúkratilfellum eða ferilrannsóknir með lítilli hættu á röskun, skekkju eða tilviljun og verulegum líkindum á orsakatengingu.
- 2- Viðmiðunarrannsóknir á sjúkratilfellum eða fylgnirannsóknir með mikilli hættu á röskun, skekkju eða tilviljun og töluverðri hættu á að orsakatengsl séu til staðar.
- 3 Sjúkratilfellskýrslur (case reports, case studies) og aðrar rannsóknir þar sem greining fer ekki fram.
- 4 Sérfræðiálit.

Síðan er lagt mat á gagnsemi vísbendinga:

- A A.m.k. ein safnrannsókn, kerfisbundið yfirlit eða slembirannsókn með einkunnina 1++, sem unnt er að yfirfæra beint á markhópinn, eða kerfisbundið yfirlit slembirannsókna eða safn sannana sem aðallega er sett saman úr rannsóknum með einkunnina 1+ sem er unnt að yfirfæra beint á markhópinn og sýna niðurstöður sem eru samkvæmar sjálfum sér.
- B Safn sannana, sem inniheldur rannsóknir með einkunnina 2++, sem unnt er að yfirfæra beint á markhópinn og sýnir samkvæmar niðurstöður eða framreiknaðar/áætlaðar sannanir frá rannsóknum með einkunnina 1++ eða 1+.
- C Safn sannana, sem inniheldur rannsóknir með einkunnina 2+, sem unnt er að yfirfæra beint á markhópinn og sýnir samkvæmar niðurstöður eða framreiknaðar/áætlaðar sannanir frá rannsóknum með einkunnina 2++.
- D Sannanir úr flokki 3 eða 4 eða framreiknaðar/áætlaðar sannanir frá rannsóknum með einkunnina 2+.

Sjá einnig vefslóð Landlæknisembættisins, <http://landlaeknir.is/Pages/186>, varðandi ofangreindar skilgreiningar.

VIÐAUKI B - BARTHEL MATSTÆKI

Nafn sjúklings:

Dags:.....

Sjálfsmönnun sjálfsbjörg

	Sjálfur	Með aðstoð	Getur ekki	Stig
1.	Drekkur úr bolla	4	0	0
2.	Borðar	6	3	0
3.	Klæðist að ofanverðu	5	3	0
4.	Klæðist að neðanverðu	7	4	0
5.	Setur á sig spelku	0	-2	0
6.	Snyrtir sig	5	0	0
7.	Þvær sér	6	0	0
8.	Stjórn á þvaglátum	10	5	0
9.	Stjórn á hægðum	10	5	0
Hreyfigeta				
10.	Flutningur í stól	10	7	0
11.	Flutningur á salerni	6	3	0
12.	Bað eða sturta	1	0	0
13.	Gengur 50 metra	15	10	0
14.	Stigar	10	5	0
15.	Í hjólastól, ef gengur ekki	5	0	0
Samtals		100	40	0

Heildarstigagjöf

100 Sjálfbjarga við sjálfsmönnun og hreyfingu

91- 99 Lítillega háður einhverjum

61- 90 Lítillega til þó nokkuð háður einhverjum um sjálfsmönnun og hreyfingu

21- 60 Þó nokkuð til verulega háður einhverjum um sjálfsmönnun og hreyfingu

0 -20 Algerlega háður einhverjum um sjálfsmönnun og hreyfingu.

LEIÐBEININGAR MEÐ STIGAGJÖF Á BARTHEL MATSTÆKINU

SJÁLFSUMÖNNUN – SJÁLFSBJÖRG		Stig
1. Drekkur úr bolla		
Sjálfur	Drekkur úr bolla; hellir sér sjálfur og opnar t.d. mjólkurfernu.	4
Með aðstoð	Drekkur og kyngir, en þarf nærveru eða hjálp einhvers til að leiðbeina sér, gefa vísbendingar, tala sig til eða aðstoða meðan á því stendur.	0
Getur ekki	Getur ekki drukkið, verður að innbyrða vökva eftir öðrum leiðum, a.m.k. að hluta til, s.s. í æð eða með sondu.	0
2. Borðar		
Sjálfur	Borðar af diskum á bakka eða borði; sker kjöt sjálfur og smyr sér brauð. Notar e.t.v. hjálpartæki.	6
Með aðstoð	Nærast um munn (þ.e. tyggir og kyngir), en þarf nærveru eða hjálp einhvers til að leiðbeina sér, gefa vísbendingar, tala sig til eða aðstoða meðan á því stendur. Þarf ekki að treysta á næringu eftir öðrum leiðum, s.s. í æð eða með sondu.	3
Getur ekki	Getur ekki nærst að fullu um munn og verður að hluta til að treysta á næringu eftir öðrum leiðum, s.s. í æð eða með sondu.	0
3. Klæðist að ofanverðu		
Sjálfur	Klæðist og afklæðist að ofan; ræður við brjóstahaldara, heila peysu og skyrtu (opin að framan); ræður við rennilás, tölur og smellur. Lýkur verkinu innan „skynsamlegra“ tímamarka.	5
Með aðstoð	Framkvæmir a.m.k. helminginn af verkinu sjálfur, en þarf aðstoð við að komast í, fara úr eða hneppa.	3
